

opin svæði, þar sem holræsi hefur verið lagt í, samkvæmt sérstakri gjaldskrá. Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá hreppsnefnd gjaldið. Greiða skal holræsagjald af húsum og öðrum mannvirkjum, sem í byggingu eru og því eigi virt til fasteignamats, eftir ákvörðun hreppsnefndar. Gjaldldagi holræsagjalds er hinn sami og gjaldldagi fasteignaskatts.

#### 9. gr.

Holræsagjald af fasteign má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðsréttar í húseigninni næstu tvö ár eftir gjaldldaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 10. gr.

Húseigendum er skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum innan lóðarmarka. Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd mála, og veitt undanþágur ef hún telur ástæður til. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hofsóshrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. mars 1976.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Skúli Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

#### 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 10% frá 1. apríl 1976 frá því sem þær voru í mars 1976.

Tekjutrygging (uppbót á lífeyri) samkvæmt 19. gr. og greiðslur samkv. 73. gr. skulu einnig hækka um 10% frá sama tíma.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 78. gr. laga nr. 67/1971.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. mars 1976.*

Matthías Bjarnason.

*Páll Sigurðsson.*